

Framkvæmdir og vinnuvernd
FRVV1SR03
Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

| | | | |
|----------------|------------------------|---------------|-----|
| Kennari | Jóhann H. Þorsteinsson | Sk.st. | JHP |
|----------------|------------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á reglugerðir, verkferli og öryggismál. Nemandinn lærir um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringakerfi. Kennend er notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Nemandinn fær kynningu á grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og lærir um öryggismál á vinnustað. Einnig er nemandanum gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi.

Markmið:

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á

- grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og öryggismálum á vinnustað
- gerð og notkun algengasta hjálparbúnaðar í byggingariðnaði
- varúðarráðstöfunum í óloknum byggingum og mannvirkjum hefðbundnu byggingaferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál
- stíl- og fagurfræði bygginga og mannvirkja
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags
- réttindum og skyldum iðnaðarmanna námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota rétta líkamsbeitingu og viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- velja og nota viðeigandi hjálparbúnað leita upplýsinga í reglugerðum um skipulags- og byggingamál
- leita upplýsinga í reglugerðum um öryggi og vinnuvernd
- vinna eftir mismunandi verkferlum

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja reglum um öryggismál á vinnustað
- vera meðvitaður um eigin ábyrgð og skyldur
- vinna samkvæmt byggingareglugerð
- fylgja gæðastýringu/eftirliti
- nota viðeigandi hlífðarbúnað
- velja sér námsleið að loknu grunnnámi

Námsgögn:

Mannvirkjagerð-Ferli/Öryggi/Gæði eftir Eypór Víðisson, IÐNÚ 2020.
Vinnuvernd eftir Eypór Víðisson, IÐNÚ 2014 (vefbok.is) (Þarf ekki að kaupa)
Ýmis myndbönd og fyrirlestrar sem birt verða á Classroom vef áfangans

Framkvæmdir og vinnuvernd
FRVV1SR03
Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

| Tímabil (vikunúmer /lotunúmer) | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|--------------------------------|---|--------------------------|--------------------|
| 33 | Kynning námsefnis | Skrá sig inn á Classroom | - |
| 34-38 | Mannvirkjagerð | Verkefni á Classroom | 15% |
| 39 | Miðannarpróf úr fyrri hluta | | 20% |
| 40-45 | Vinnuvernd, byggingavinnustaðir og öryggismál | Verkefni á Classroom | 15% |
| 45-46 | Gæðastjórnun | Verkefni á Classroom | 10% |
| 47 | Tímapróf úr síðari hluta námsefnis | | 20% |
| 48 | Námsleiðir að loknu grunnnámi | Verkefni á Classroom | 5% |
| 33-48 | | Þátttaka í umræðum | 15% |

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

| Matsform: | <input checked="" type="checkbox"/> Símat | <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf | <input type="checkbox"/> Lokaverkefni |
|----------------------|---|--|---------------------------------------|
| Námsmatsþættir | Lýsing námsmatsþátta | Vægi | |
| Verkefni á Classroom | Lögð eru fyrir 9 verkefni á Classroom, jafnt yfir önnina og gildir hvert verkefni 5% af lokaekinnun (9 x 5%) | 45% | |
| Miðannarpróf | Miðannarpróf lagt fyrir í tíma í viku 39. Prófað er uppúr námsefni fyrri hluta annar | 20% | |
| Tímapróf | Tímapróf lagt fyrir í viku 47 uppúr námsefni seinni hluta annar. | 20% | |
| Þátttaka í umræðum | Sérstakur spjallþráður er tengdur við Classroom og matskvarði fyrir þátttöku nemenda í umræðum um námsefni áfangans | 15% | |
| | Samtals: | 100% | |

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.
Annað: Nemandi þarf að þreyta bæði tímaprófin til þess að fá lokaekinnun í áfanganum.

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun

Dagsetning: 16.8.2021

Undirritun kennara

Undirritun hjástarstj., fagstjóra staðgengils